

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2005
ÁPS/KSG/058/05

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja,
4. mál**


Ljóst er að fjöldi lífeyrisþega býr við kröpp kjör, einkum þeir sem ekki hafa áunnið sér rétt til greiðslna úr lífeyrissjóðum eða hafa takmarkaðan rétt í þeim sjóðum. Þetta á ekki síst við um þá sem aldrei hafa verið á vinnumarkaði eða aðeins átt kost á stuttri starfsævi. Tryggingastofnun telur brýnt að kjör þeirra verst settu verði lagfærð með einum eða öðrum hætti. Er hér einkum átt við þá einstaklinga sem ekki hafa aðrar tekjur til framfærslu en bætur almannatrygginga.

Taka má undir það að öldruðum og öryrkjum séu tryggðar ákveðnar lágmarksbætur, t.d. þannig að bætur almannatrygginga nemi aldrei lægri fjárhæð en ákveðnu hlutfalli af lægstu launum. Með þessu móti mætti draga úr þörf fyrir veitingu félagslegrar aðstoðar þannig að almannatryggingakerfið yrði að mestu byggt upp á lögbundnum réttindum einstaklinganna í stað þess að beita þurfi sértækri aðstoð sem byggir á einstaklingsbundnu mati hverju sinni.

Tryggingastofnun ríkisins hefur margoft bent á það að tekjutengingar í almannatryggingakerfinu eru almennt orðnar alltof flóknar. Hér má nefna að frítekjumörk eru mismunandi, skerðingarhlutfall er ekki alltaf hið sama hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, greiðslur bóta eru ýmist háðar tekjum maka eða ekki, ákveðnar tekjutegundir skerða suma bótaflokka og ekki aðra og sömu tekjur hafa mismunandi vægi eftir því um hvaða bótaflokka er að ræða. Ráða verður bót á þessu þannig að almenningi verði kleyft að átta sig betur á réttindum sínum. Skoða verður kerfið í heild sinni og leita leiða til að einfalda það og gera það gegnsærra en nú er.

Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir því að það kosti 4,6 milljarða kr. ef raungildfi grunnlífeyris og tekjutryggingar verði ekki lægra í ársbyrjun 2007 en á árinu 1995. Hér er um mikla peninga að ræða en hvað sem því líður telur Tryggingastofnun ríkisins að ef afkomutrygging á að vera undirstaða nýrra laga um almannatryggingar þá þurfi að vanda vel til verka og hugsa öll mál til enda áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar í svo mikilvægu máli.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason
forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

